



Eskimóapeysa Annichen Sibbern Bøhn

-  = Slétt
-  = Hvítur grunnlitur
-  = ENGIN LYKKJA
-  = Dökkur munsturlitur
-  = Ljós munsturlitur



Munstur á ermi

- ☐ = Slétt
- ☐ = Hvítur grunnlitur
- ☐ = ENGIN LYKKJA
- ☐ = Dökkur munsturlitur
- ☐ = Ljós munsturlitur



Peysan er prjónuð frá hálsi og niður, á prjóna nr. 2½ og 3 (hringprjóna og bandprjóna).

Við hálsmál eru fitjaðar upp 98 lykkjur með dökkum munsturlit á prjóna nr. 2½ og prjónaðar 50 umferðir í stroff (ein slétt, ein brugðin). Svo er skipt yfir í prjóna nr. 3 og prjónað slétt munstur.

Hverja munstureiningu á að endurtaka 14 sinnum og auka út með ákveðnu millibili eins og sést á munsturteikningu. Aukið er út með því að prjóna tvisvar í bandið milli tveggja lykkja, þannig að hvert munstur stækkar um eina lykkju báðum megin.

Munstrið er 70 umferðir. Eftir síðustu útaukningu eiga að vera 350 lykkjur á prjóninum.

Þá er lykkjum skipt niður þannig (og þess gætt að umferð hefjist og endi þar sem eru 12 hvítar lykkjur í munstrinu):

100 lykkjur (4 munstureiningar) eru framstykki; næstu 75 lykkjur (3 munstureiningar) eru geymdar á nælu/þræði fyrir ermi; 12 lykkjur eru fitjaðar upp í framhaldi af 100 lykkjunum á framstykkinu (verða undir handveg); 100 lykkjur fara í bakstykkið; síðustu 75 lykkjurnar eru settar á nælu/þráð fyrir ermi; fitjaðar eru upp 12 lykkjur í framhaldi af bakstykkinu. Alls eru þá 224 lykkjur á hringprjóninum.

Sett eru merki á hliðunum hvoru megin, á milli helminganna af 12 lykkjunum sem voru fitjaðar upp.

Prjónaðar eru 10 umferðir og teknar úr 4 lykkjur í 11. umferð, þ.e. 1 lykkja hvoru megin við merkið á hvorri hlið. Síðan eru prjónaðar 6 umferðir og aftur tekið úr á sama hátt. Úrtaka í 7. hverri umferð er svo endurtekin 6 sinnum. Þá eru 192 lykkjur eftir á prjóninum.

Prjónað er slétt þar til bolurinn mælist 18 cm frá armvegi (þessum 12 lykkjum sem fitjaðar voru upp). Þá er prjónað 10 cm stroff á hringprjón nr. 2½ og fellt af.

Ermi: Lykkjurnar 75 sem voru geymdar eru settar á prjón nr. 3 og teknar upp 15 lykkjur úr uppfittinni á lykkjunum 12 milli fram-og bakstykkis (þá eru alls 90 lykkjur á prjóninum). Sett eru prjónamerki á miðja ermina að neðan og felld úr ein lykkja hvoru megin við prjónamerkið í sjöttu hverri umferð þar til 66 lykkjur eru eftir á prjóninum. Eftir það er prjónað án úrfellinga uns ermin mælist 28 cm frá handvegi. Þá er ermamunstrið prjónað eftir munsturteikningu og í síðustu umferð í munstri er lykkjunum fækkað jafnt niður í 54. Síðan er prjónað 8 cm stroff á prjóna nr. 2½ og fellt af. Hin ermin er prjónuð eins.

(Hér er stuðst við munstur af þessari peysu í 3. tbl. Melkorku 1956 s. 83. o.áfr. Upphafleg uppskrift Annichen Sibbern Bøhn gerir ráð fyrir talsvert fleiri lykkjum og væntanlega mjög finu garni.)